



# Hafnarfjörður

## Stefna Hafnarfjarðarbæjar gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO).

Hafnarfjarðarbær líður undir engum kringumstæðum einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða annað ofbeldi, hvorki á vinnustöðum sínum né undir formerkjum bæjarins á annan hátt. Hafnarfjarðarbær setur fram í stefnu þessari áætlun sem felur í sér nauðsynlegar aðgerðir sem grípa skal til ef fram kemur tilkynning um einelti, áreitni eða annað ofbeldi á vinnustað. Stefnunni fylgja auk þess verkferlar og aðgerðaráætlun. Stefnan byggir á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Stefna þessi gildir um allt starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins. Með vinnustað er átt við umhverfi innan- eða utanhúss þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna, sbr. 41. gr.- laga nr. 46/1980. Jafnframt gildir hún um öll vinnutengd störf svo sem á ráðstefnum, námskeiðum, ferðalögum og öðrum félagslegum samkomum sem tengjast starfi eða vinnustað.

Starfsfólk sem með framkomu sinni, orðum, viðmóti eða atferli beitir samstarfsfélaga sína eða þjónustubega sveitarfélagsins einelti, áreitni eða ofbeldi, hvort sem um er að ræða einstakt tilvik eða ítrekað, telst brjóta grundvallarreglur samskipta. Meta þarf hvert tilvik fyrir sig og gæta þess að aðstæður séu skoðaðar á nákvæman og hlutlausan hátt á grundvelli fyrirbyggjandi staðreynda og upplýsinga. Gripið verður til viðeigandi aðgerða ef þörf er á, sem geta falið í sér áminningu, tilfærslu í starfi eða eftir atvikum brottvikningu.

Með hliðsjón af tilkynningarskyldu starfsfólks skv. 9. gr. reglugerðar nr. 1009/2015 er starfsfólk sem upplifir eða verður vitni að einelti eða annarri óæskilegri hegðun hvatt til að tilkynna slíkt. Taka ber allar tilkynningar og/eða kvartanir alvarlega og bregðast við þeim á faglegan hátt.

Allt starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar þarf að leggja sitt af mörkum til að stuðla að góðum samskiptum, starfsánægju og öruggu starfsumhverfi. Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á samskiptum og því að stuðla að góðri vinnustaðamenningu.

Mikilvægt er að stefnan sé kynnt starfsfólki sveitarfélagsins reglulega, hvetja skal til opinskárra umræðna á öllum starfsstöðum sveitarfélagsins og veita almenna fræðslu um eineltismál. Starfsfólk skal tryggt aðgengi að stefnu og verklagi. Það er ábyrgð Hafnarfjarðarbæjar að tryggja að starfsfólk fái leiðbeiningar og aðstoð á tungumáli sem það skilur.

Mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar er í forsvari fyrir EKKO-teymi sveitarfélagsins og þau sjá um að stefnan sé uppfærð reglulega og boðið sé upp á fræðslu og þjálfun fyrir stjórnendur og EKKO-teymi um einelti/ofbeldi/áreitni á vinnustöðum. Mannauðsstjóri og EKKO-teymi bera sameiginlega ábyrgð á innleiðingu stefnunnar á hverju fagsviði fyrir sig.

### MEGINMARKMID



# Hafnarfjörður

Meginmarkmið stefnu Hafnarfjarðarbæjar gegn einelti, áreitni og ofbeldi eru eftirfarandi:

- Að starfsfólk upplifi að starfsumhverfi Hafnarfjarðarbæjar sé heilbrigt og sálfélagslega öruggt.
- Að stuðla að fræðslu, forvörnum og vitundarvakningu um stefnu og verkferla Hafnarfjarðarbæjar í eineltis-, ofbeldis og áreitnimálum með markvissri upplýsingamiðlun og fræðslu til starfsfólks og stjórnenda.
- Að viðbrögð við kvörtunum og tilkynningum sem berast og könnun mála sé hröð og skilmerkileg líkt og verklag kveður á um.
- Að ávallt sé unnið eftir samræmdum verkferlum um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi, óháð sviðum og stofnunum.

## FORVARNIR

Gott félagslegt vinnuumhverfi er undirstaða vinnustaðamenningar þar sem fólki líður vel og er öruggt í starfi.

Stjórnendur og annað starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að skapa jákvæða menningu á vinnustaðnum, þar sem fólki líður vel, gagnkvæm virðing ríkir og hvatt er til opinna samskipta og uppbyggilegrar gagnrýni.

Stjórnendur tryggja vinnuaðstæður sem lágmarka hættu á einelti, kynferðislegri eða kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum.

Brugðist skal svo fljótt sem auðið er við vandamálum, árekstrum og erfiðleikum í samskiptum á vinnustaðnum.

Stjórnendum skal bjóðast þjálfun í því að leysa samskiptavandamál.

Árlega skal fara fram könnun um líðan og starfsaðstæður starfsmanna. Að könnuninni lokinni skal gerð áætlun um heilsuvernd og forvarnir í samræmi við niðurstöður matsins.

Það er ábyrgð mannaússtjóra að tryggja að til staðar séu verkferlar og vinnulag við framkvæmd áhættumats.

## ÁBYRGÐ OG SKYLDUR STJÓRNENDA

Það er ábyrgð stjórnenda Hafnarfjarðarbæjar að byggja upp og viðhalda góðu vinnuumhverfi á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins sem er laust við einelti, áreitni eða ofbeldi. Í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er kveðið á um að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk þeirra verði fyrir áreitni, einelti eða ofbeldi á vinnustað í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Skyldur stjórnenda fela meðal annars í sér að:

- Vera fyrirmynd annarra þegar kemur að framkomu og samskiptum á vinnustað.
- Fyrirbyggja óviðeigandi hegðun og taka strax á neikvæðu tali.
- Bera virðingu fyrir öllu samstarfsfólki og koma fram við það af virðingu, tillitssemi og umburðarlyndi.
- Tryggja greiðan aðgang að stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi og verkferlum því tengdu.



# Hafnarfjörður

- Tryggja enn fremur að starfsfólk viti hvert það getur leitað ef það upplifir eða verður vitni að einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi.
- Sýna skjót viðbrögð verði þeir varir við eða öðlast vitneskju um hegðun sem er óviðeigandi eða ámælisverð.
- Virða rétt allra til réttlátrar málsmeðferðar. Hvetja þá aðila sem tengjast málinu til þátttöku í úrvinnsluferli.
- Veita þeim sem vinna að athugun eða úrlausn mála þann stuðning sem mögulegt er.
- Styðja við alla hlutaðeigandi eftir að málsmeðferð lýkur.

Ef yfirmaður er ásakaður um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða annað ofbeldi verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir er lúta að starfsskilyrði tilkynnanda á meðan meðferð málsins stendur yfir. Yfirmaður skal í þessum tilvikum vísa málinu til mannauðsstjóra eða EKKO-teymis.

## RÉTTINDI, ÁBYRGÐ OG SKYLDUR STARFSFÓLKS

Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda góðu félagslegu vinnuumhverfi. Í því felst meðal annars að taka þátt í samstarfi og stuðla jafnframt að heilbrigðum og öruggum vinnustað. Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á eigin hegðun og því að stuðla hvorki að né taka þátt í einelti, áreitni eða ofbeldi. Starfsfólk skal láta næsta yfirmann, mannauðsstjóra eða EKKO-teymi vita ef mál koma upp sem starfsmaður hefur áhyggjur af en getur ekki leyst sjálfur. Þá þarf starfsfólk að vera viðbúið að skýra mál sitt frekar ef það tilkynnir eineltis-, áreitni- eða ofbeldismál. Þannig skal starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar fara eftir og styðja framgang stefnu þessarar.

### Skyldur starfsfólks fela meðal annars í sér að:

- Taka ábyrgð á eigin hegðun og framkomu.
- Leggja ekki annað starfsfólk í einelti, áreita ekki annað starfsfólk kynferðislega eða á grundvelli kyns og beita ekki annað starfsfólk ofbeldi á vinnustað.
- Sýna ætíð af sér faglega hegðun, umburðarlyndi og bera virðingu fyrir samstarfsfélögum, sérstöðu þeirra, skoðunum, gjörðum og eignum.
- Vera vakandi og meðvitað um líðan annarra í nærumhverfinu og veita stuðning eftir atvikum.
- Taka þátt í því könnunar- og/eða úrlausnarferli sem heyrir undir stefnuna sé þess óskað.
- Tilkynna til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra eða EKKO-teymis um meint einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi samkvæmt tilkynningarskyldu sem á honum hvílir.
- Gæta trúnaðar um persónuleg málefni samstarfsfólks og virða rétt þess til virðingar og sæmdar.

Samþykkt í Bæjarráði 12. desember 2024